

**Ed.**

**27. Frumvarp til laga**

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyja-  
kaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Vestmannaeyjar hafa undanfarin ár haft heimild þá, er um ræðir í lögum þessum, til að innheimta sérstakt vörugjald, er rennur í bæjarsjóð, af vörum þeim, er sendar eru frá eða koma til kaupstaðarins, með þeim takmörkunum, er lögin ákveða.

Ekki er annað fyrirsjáanlegt en að þessa tekjustofns verði þörf einnig á næstu árum, og er því hér farið fram á framlenging lagaheimildar þar að lútandi til ársloka 1944.